

10. Loks ber í rjetti að yfirheyra hjeraðsdómarann, skrifara hans við rjettarhöldin í málinu, hjeraðslæknirinn á Eyrarbakka, hreppstjóra Stokkseyrarhrepps og þá Sigurð Sigurðsson og Gunnar Sigurðsson, er voru rjettarvottar í rjettarhaldi 18. jan. f. á. um það hvort nokkuð sje hæft í því, er ákærði segir í ódagsettri skýrslu, er lögð hefir verið fram í hæstarjetti, um meðferð þá, er hann hafi verið látinn sæta í gæsluvarðhaldinu og í einu rjettarhaldinu.

Að öðru leyti ber og dómara þeim, er látinn verður fara með framhaldsrannsókn málsins, að útvega aðrar þær skýrslur og upplýsingar, er rannsóknin kann að gefa tilefni til að leita.

Því úrskurðast:

Framangreindar skýrslur og upplýsingar ber að útvega svo fljótt sem verða má

Miðvikudaginn 11. jan. 1928.

Nr. 21/1927.

H.f. Draupnir (Svb. Jónsson)
gegn

Kristmànni Þorkelssyni
(Guðm. Ólafsson).

Útaf kröfu áfrýjanda um að stefndi afhendi hlutabref sín í h.f. Draupnir.

Dómur aukarjettar Vestmannaeyja 30. nóv. 1926: Stefndi Kristmann Þorkelsson á að vera sýkn af kröfum stefnanda Fiskiveiðahlutafjelagsins »Draupnir« í máli þessu. Stefndandi greiði stefnda 200 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Á árinu 1920 var stofnað í Vestmannaeyjum fiskiveiðahlutafjelagið Draupnir með 330 þúsund kr. hlutafje, en þegar á árinu 1923 vaknaði áhugi hjá ýmsum hluthöfum fjelagsins á því að selja skip það, er fjelagið átti og hjelt úti á fiskiveiðar, svo og aðrar eignir fjelagsins, og á aukafundi í fjelaginu 14. sept. 1924 var meðal annars samþykkt að halda sölutilraununum áfram. Varð þetta til þess, að hluthafar í fjelaginu búsettir hjer í bænum, hjeldu fund með sjer 7. okt. s. á. Á fundinum mættu 5 hluthafar, eigendur að samtals 9 hlutum, og samþykktu þeir að taka sölutilboði hluthafanna í Vestmannaeyjum með eftirfarandi skilyrðum.

1. að yfirtaka fjelagið Draupnir með öllum skuldum og eignum fyrir utan hið upphaflega hlutafje, þó þannig að upphæð sú, er hluthafarnir í Vestmannaeyjum höfðu lagt fram eða lánað fjelaginu árið áður, 55000 kr., skyldi ekki greiðast strax heldur ca. 25000 kr. í ágúst 1925 og eftirstöðvarnar síðar eftir samkomulagi, auk vaxta.

2. að Vestmannaeyja-hluthafar og aðrir, sem ekki verða með í hinu nýja hlutafjelagi gjöri engar frekari kröfur til að eiga í fjelaginu.

3. að hið nýja fjelag losi alla eldri hluthafa, sem úr fjelaginu ganga, úr persónulegri ábyrgð á láni, er fjelagið hafði fengið hjá skotskum banka, að upphæð upphaflega £ 9000-0-0.

Þetta tilboð var svo borið upp á fundi hluthafanna í Vestmannaeyjum 12. s. m. Á fundi þessum, þar sem mættir voru hluthafar fyrir 47 hluti, kom fram breytingar- eða viðaukatillaga við tilboð Reykjavíkur-hluthafanna á þá leið, að helmingurinn af umræddum 55000 kr., 27500 kr., greiðist 1. ág. 1925, og

siðari helmingurinn 1. ág. 1926, og að hið nýja fjelag taki á sig sjálfskuldarábyrgð eða setji fullnægjandi veð fyrir umræddum 55000 kr. ásamt útlánsbankavöxtum og að kaupin miðist við 7. október.

Var því næst leitað eftir hverjir hluthafar vildu selja hluti sína með framangreindum skilyrðum. Stefndi neitaði að vísu á fundinum að selja hluti sína nr. 52 og 53 í fjelaginu, en sama kvöldið símaði hann til allra þriggja stjórnenda fjelagsins í Vestmannaeyjum og bað þá að breyta neii sínu í já í fundargerðinni og var það gert, er fundargerðin var hreinskrifuð. Nú leið svo og beið þar til í ágústbyrjun 1925; þá vildi stjórn hlutafjelagsins greiða stefnda þann hluta af nefndum 55000 kr., er á hluti hans kom, 1100 kr. á hvort hlutabréf, auk 139 kr. 34 a. vaxta á hvort þeirra, gegn því að hann afhenti hlutabréfin, en þessu neitaði stefndi. Höfðaði þá stjórn h.f. Draupnir mál þetta á hendur stefnda, til þess að fá hann dæmdan til að afhenda nefnd hlutabréf gegn greiðslu á framannefndum upphæðum.

Stefndi hefir krafist sýknu fyrst og fremst af því, að hlutafjelagið Draupnir sje ekki rjettur aðili þessa máls, heldur hinir 5 hluthafar, er tilboðið gerðu á Reykjavíkurfundinum 7. okt. Á þetta verður eigi fallist, af því að ráða má af fundargerðinni 12. okt., að hluthafarnir í Vestmannaeyjum, og þá einnig stefndi, hafi í raun og veru ekki talið tilboðsgefendurna eina, heldur hið tilvonandi nýja fjelag sem hinn eiginlega viðsemjanda, og auk þess hafa þessir 5 hluthafar í brjefi dags. 21. apríl 1926, lýst því yfir að h.f. Draupnir væri rjettur eigandi að rjettindum þeirra til kaupa á hlutabréfunum.

Þá hefir stefndi krafist sýknu af þeirri ástæðu, að á fundinum 12. okt. hafi verið sett ný skilyrði fyrir

sölu hlutabryfanna, og hafi það verið forsenda fyrir samþykki sínu að Reykjavíkurluthafarnir eða hið nýja hlutafjelag samþykkti þessi nýju skilyrði innan hæfilegs tíma, en þar sem hann hafi enga tilkynningu fengið um þetta fyr en í ágúst 1925, hafi hann álitnið tilboðið fyrir löngu fallið burtu og sig leystan frá tilboði sínu.

Eftir almennum viðskiftareglum hafði stefndi rjett til þess að fá innan hæfilegs tíma vitneskju um það hvort hluthafarnir í Reykjavík eða hið nýja fjelag vildi samþykkja sölutilboðið eins og frá því var gengið á fundinum í Vestmannaeyjum 12. okt. 1924, og með því að áfrýjandi hefir eigi gegn eindregnum mótmælum stefnda, lært sönnur á, að hann hafi fengið slíka vitneskju fyr en í ágúst árið eftir og það auk þess er ekki upplýst í málinu á hvers ábyrgð, hinna upphaflegu hluthafa eða hinna nýju, útgerð fjelagsins hefir verið rekin frá því um haustið 1924 þar til í ágúst 1925, verður að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda.

Eftir atvikum þykir málskostnaður í hjeraði eiga að falla niður en málskostnaður í hæstarjetti verður áfrýjandi að greiða stefnda og ákveðst hann 250 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Kristmann Þorkelsson á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda h.f. Draupnir í máli þessu. Málskostnaður í hjeraði fellur niður en málskostnað í hæstarjetti greiði áfrýjandi stefnda með 250 kr.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er risið út af ágreiningi milli aðila um það hvort stefndi útvegsbóndi Kristmann Þorkelsson í Steinholti hjer sje skyldur að afhenda stefnanda Fiskiveiðafjelaginu Draupnir í Reykjavík hlutabréf hans nr. 52 og 53 í nefndu hlutafjelagi. Heldur stefnandi því fram að hafa rjett til þess að fá brjefin og hefir stefnt stefnda til þess að fá hann skyldaðan með dómi til þess að afhenda sjer þessi hlutabréf gegn því að fá 1100 krónur greiddar fyrir hvort hlutabréf auk vaxta kr. 139,34 á hvort brjef, svo og til að greiða sjer (stefnanda) málskostnað að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Þessum kröfum hefir stefndi mótmælt, krafist algerðar sýknunar og að fá tildæmdan málkostnað. Heldur hann í fyrsta lagi fram að stefnandi sje ekki rjetti aðili málsins heldur nokkrir hluthafar í Fiskiveiðafjelaginu Draupnir og í öðru lagi að hann hafi aldrei samþykkt annað en að afhenda ákveðnum hluthöfum í fjelaginu hlutabréf sín með ákveðnum skilyrðum. En þeim skilyrðum hafi ekki verið fullnæggt og skylda sín til afhendingarinnar því fallin burt.

Eins og rskj. nr. 4 ber með sjer er stofnfe Fiskiveiðahlutafjeldagsins Draupnir 310,000 kr., sem skiftist í 5000 króna hluti og má auka í 330,000 kr. En samkvæmt B-deid stjórnartíðindanna er ekki annað fjelag með því nafni skrásett en það sem skrásett var árið 1920. Er þar auglýst og þess vegna vitanlegt að hlutafje fjeldagsins sje 330,000 kr. og alt innborgað. Ennfremur má telja upplýst í málinu með því sem rskj. nr. 6., 7., 8., og 22 bera með sjer að sjálft hlutafjeldagið sje a. m. k. orðið eigandi að hlutbrjefum sjálfs sín fyrir kr. 55000 að frádrægnum kr. 20000 eða 35000 kr. að nafnverði. En í máli þessu gerir fjeldagið kröfu til þess að fá eignarrjett yfir tveim (5000 kr.) hlutabréfum til viðbótar.

Þar sem svo er ákveðið í 28. grein laga nr. 77, 27. júní 1921 að hlutafjeldög *megi* ekki sjálf eiga meira en 10 % af greiddu hluthafaje sinu nema atvinnumálaráðherra leyfi og ekki sjest að það leyfi, að það hafi verið fengið og þar sem fjeldagið eftir framansögðu þegar hefir fengið eignarrjett yfir meiru en þessum 10 af hundraði þá virðast kröfur hlutafjeldagsins um afhending hinna tveggja hlutabréfa stefnda vera lögum gagnstæðar og ekki vera hægt að dæma með heimild til þess að eignast sjálft enn fleiri hlutabréf sjálfs sín enda þótt mótmæli bygð á þessu hafi ekki komið fram. Verður því

þegar af þessari ástæðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í þessu máli. Eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefnandi greiði stefnda kostnað málsins er þykir hæfilega metinn 200 krónur.

Mánudaginn 16. jan. 1928.

Nr. 60/1927.

Rjettvisin og valdstjórnin

(St. Jóh. Stefánsson)

gegn

Ólafi Halldórssyni (Guðm. Ólafsson).

Ákæra fyrir brot á 17. kap. hgl. og bifreiðalögunum.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 22. júní 1927: Ákærður Ólafur Halldórsson, skal vera sýkn af ákæru rjettvisinnar og kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.

Kostnaður sakarinnar greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Með því að fallast má á ástæður aukarjettardómsins ber að staðfesta dóminn, þó með þeirri athugasemd, að lögreglurjettarprófin hefðu mátt vera ýtarlegri.

Kostnaður af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors, greiðist af almannafje.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum skal óraskað. Áfrýjunarkostnaður, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Guðmundar Ólafssonar, 80 kr. til hvors, greiðist af almannafje.